

Ábyrgðartrygging einstaklinga bætir líkams- og/eða eignatjón sem váttryggður veldur þriðja manni enda sé hinn váttryggði bótaskyldur fyrir því tjóni skv. íslenskum réttarreglum. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

**Váttryggðir** eru váttryggingartaki og fjölskylda hans. Til fjölskyldu váttryggingartaka telst maki hans eða sambúðarmaki og ógift börn sem hafa skráð sameiginlegt lögheimili á Íslandi, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

**1. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin nær til skaðabótaskyldu, sem fellur á váttryggðan á Íslandi eða á ferðalagi erlendis.

**2. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin tekur til skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem einstakling utan atvinnurekstrar samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

Auk þess bætir félagið, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, tjón á mönnum eða munum sem barn váttryggingartaka yngra en 10 ára veldur. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það. Váttryggingarverndin gildir ekki þegar barnið á aðild að umferðartjóni og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun. Þegar barn váttryggingartaka veldur tjóni sem önnur váttrygging tekur til stofnast ekki bótaréttur, sbr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

**3. gr. Undanþágur**

Váttryggingin tekur ekki til:

- Tjóns sem fjölskylda váttryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu váttryggðs teljast maki (sambúðarmaki) váttryggðs, börn og annað skyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.
- Tjóns sem verður vegna atvinnu váttryggðs hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða vinnu í þjónustu hjá öðrum. Með atvinnu er einnig átt við hvers konar aukastörf, sem váttryggður vinnur gegn endurgjaldi.
- Skemmda á munum eða glötunar muna, sem váttryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna, sem váttryggður hefur tekið í heimildarleysi.
- Skaðabótakröfu, sem fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda vélknúins ökutækis, loftfars, skips, báts eða annars farartækis. Sama á við um tjón af völdum jarðvinnslutækja eða annarra stórvirkra vinnuvéla.
- Tjóns, sem hlýst við byggingaframkvæmdir eða vinnu við breytingu, endurbætur eða skreytingu fasteignar, sem váttryggður á eða notar.
- Tjóns, sem rakið verður til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna slíks tjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs og óvænts atburðar, sem ekki má kenna því, að váttryggður hefur með ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið hjá líða að fara eftir opinberum fyrirmælum, sem á hverjum tíma gilda um mengunarvarnir.
- Tjóns sem hlýst af langvarandi raka eða langvarandi vatnsleka og vegna myglu eða sveppagróðurs.
- Tjóns sem hlýst af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti, sprengingu, kjarnorku eða geislavirkum efnum.
- Skaðabótakröfu, sem fellur á váttryggðan sem eiganda íbúðar, húss eða annarrar fasteignar.
- Skaðabótakröfu, sem fellur á váttryggðan vegna tjóns af völdum skotvopns.

**4. gr. Tímatakmörk**

Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks, sem verður áður en váttryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

**Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.**